



SAMKEPPNISSTOFNUN

29. október 2004

Fréttatilkynning

Ákvörðun samkeppnisráðs:

Pung viðurlög vegna langvarandi, ólögmæts samráðs olíufélaganna

Stjórnvaldssektir

Á fundi sínum 28. október sl. tók samkeppnisráð ákvörðun í máli sem varðar ólögmætt samráð olíufélaganna Kers hf (Olíufélagsins), Olíuverzlunar Íslands hf. (Olís) og Skeljungu hf. Auk þess er í ákvörðuninni fjallað um ólögmætt verðsamráð Bensínorkunnar ehf. (Orkunnar) við hin olíufélögin.

Í ákvörðun samkeppnisráðs eru olíufélögin beitt viðurlögum vegna samfellds brots á samkeppnislögum sem stóð yfir í a.m.k tæp níu ár. Viðurlögin sem samkeppnisráð leggur á félögin vegna hins ólögmæta samráðs þeirra eru stjórnvaldssektir sem nema 1.100 milljónum króna fyrir hvert hinna þriggja félaga eða samtals 3,3 milljörðum króna. Orkunni er gert að greiða 40 milljón krónur í ríkissjóð. Hin þungu viðurlög endurspeglu m.a. ávinning olíufélaganna af ólögmætu samráði þeirra, sem samkeppnisráð metur varlega að nemi a.m.k. 6,5 milljörðum króna á því tímabili sem rannsókn samkeppnisyfirvalda tók til. Rannsóknartímabilið er frá því samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993 til 18. desember 2001 en þá framkvæmdi Samkeppnisstofnun húsleit hjá félögum. Við ákvörðun stjórnvaldssekta er einnig höfð hliðsjón af umfangi samráðsins, brotavilja olíufélaganna, þjóðhagslegu mikilvægi þeirrar vöru sem um er að ræða og stöðu olíufélaganna á markaðnum fyrir fljótandi eldsneyti.

Vegna samstarfs við Samkeppnisstofnun í því skyni að upplýsa brot olíufélaganna, sem fól í sér mikilvæga viðbót við sönnunargögn í málinu, hefur samkeppnisráð ákveðið að lækka stjórnvaldssekt Olíufélagsins í 605 milljónir króna og sekt Olís í 880 milljónir króna. Það er mat samkeppnisráðs að Skeljungur hafi ekki uppfyllt skilyrði til að njóta afsláttar og gerir ráðið félaginu að greiða 1.100 milljónir króna í ríkissjóð.

Samkvæmt almennu mati sérfræðinga OECD á samfélagslegum skaða ólögmæts samráðs fyrirtækja má áætla að sá samfélagsskaði sem hlotist hefur vegna hins ólögmæta samráðs olíufélaganna á áður nefndu nær níu ára tímabili nemi yfir 40 milljörðum króna.

Samkeppnisbrot olíufélaganna

Samkeppnisráð kemst í ákvörðun sinni að þeirri niðurstöðu að olíufélögin þrjú hafi haft með sér langvarandi, skipulagt samráð um verðlagningu á olíuvörum, samráð við

gerð tilboða og samráð um að skipta á milli sín mörkuðum. Með þessu brutu félögin gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að brot olíufélaganna á samkeppnislögum er mjög alvarlegt óháð því við hvað er miðað. Svo langvarandi samfellt brot á markaði sem lætur nærri að sé 10% af heildarinnflutningi heillar þjóðar á sér vart hliðstæðu. Eins og kunnugt er vegur eldsneytiskostnaður þungt í rekstrarkostnaði ýmissa atvinnugreina. Sem dæmi má nefna að eldsneytiskostnaður var um 11,5% af heildar rekstrargjöldum íslenska fiskveiðiflotans árið 2001 og 16% af rekstrargjöldum Flugleiða sama ár. Bensín og olúkaup eru 4% af útgöldum almennings samkvæmt vísitölu neysluverðs. Ólögmeitt samráð olíufélaganna hafði áhrif á alla þessa kostnaðarþætti.

Í höfuðdráttum fólst eftirfarandi í hinu samfellda samráði olíufélaganna:

- Samráð um verðbreytingar á fljótandi eldsneyti, gasi, smurolíu og tengdum vörum.
- Samráð um aðgerðir til að auka álagningu og bæta framlegð, þ.m.t. aðgerðir til að draga úr afslætti.
- Samráð vegna útboða tiltekinna viðskiptavina.
- Markaðsskipting og eftir atvikum verðsamráð vegna sölu til einstakra viðskiptavina, tiltekinna hópa viðskiptavina eða á einstökum landsvæðum.

Til að framkvæma þetta samráð áttu olíufélögin í tíðum og skipulögðum samskiptum sín á milli þar sem skiptst var á skoðunum og upplýsingum, athugasemdir og tillögur voru gerðar og ákvarðanir teknar. Stjórnendur olíufélaganna tóku þátt í fundahöldum, m.a. hittust forstjórar félaganna iðulega til að skipuleggja og taka ákvarðanir um atriði sem voru hluti af hinu ólöglega samráði. Þá var skipst á orðsendingum og upplýsingum sem vörðuðu samráðið í tölvupósti, símtölum eða símbrefum. Í samantekt sem ekki er tæmandi og birt er í ákvörðun samkeppnisráðs koma fram um 500 tilvik ólögmeits samráðs á því tímabili sem til rannsóknar hefur verið um verð og verðmyndum, um útboð og gerð tilboða og um markaðsskiptingu.

Olíufélögin bera því við að vegna ónógrar kynningar á samkeppnislögum hafi stjórnendum þeirra ekki verið ljóst að þeir væru að brjóta samkeppnislög. Þá er því borið við að ríkisafskipti og skipulag á innflutningi og verðlagningu olíuvara á árum áður valdi því að viðskipti og samskipti olíufélaganna í gildistíð samkeppnislaga hafi verið með þeim hætti sem raun ber vitni. Þetta stenst ekki skoðun þar sem gögn málsins sýna að skipulega hefur verið reynt að hylma yfir samráðinu. Það var m.a. gert með orðsendingum um að menn skyldu eyða tölvupósti eftir lestur. Þá átti að afhenda samráðsgögn „yfir borð“ í stað þess að vera með „óþolandi glannaskap“ og senda þau með símbrefi svo dæmi sé tekið.

Verðsamráð

Samkeppnislögin banna,

- samráð um endanlegt verð á vöru og þjónustu
- samráð um ákveðna þætti sem mynda verð vöru og þjónustu

- samráð um útreikning á verði og kostnaðarpáttum
- samráð um afslátt
- samráð um atriði sem hafa áhrif á framboð vöru og þjónustu
- upplýsingaskipti um atriði sem tengjast verðlagningu

Gögn málsins sýna að olíufélögin höfðu með sér samvinnu um verðlagsmál sem snerta alla framangreinda þætti allt tímabilið sem rannsóknin tók til. Þau höfðu samvinnu um verðbreytingar á bensíni, díselolíu, gasolíu, svartolíu, gasi, smurolíu og fleiri vörum. Þau höfðu samvinnu um að hækka álagningu og bæta framlegð (en framlegð er í þessu samhengi söluverð að frádregnum innkaupskostnaði). Félögin höfðu einnig samvinnu um að draga úr afslætti og leggja gjöld á hópa viðskiptavina. Ennfremur höfðu olíufélögin samvinnu við að hafa áhrif á kostnað. Ýmisskonar annað samráð höfðu félögin til að hafa áhrif á verð þeirra og kostnað. Gekk samráðið svo langt að félögin ráðfærðu sig hvert við annað um jólagjafir til starfsmanna, afslátt til Slysavarnafélags Íslands á Vestfjörðum og styrki í tilefni sjómanna dagsins.

Samráð um gerð tilboða

Frá gildistöku samkeppnislaga höfðu olíufélögin með sér samráð um gerð tilboða í tengslum við formleg útboð eða verðkannanir viðskiptavina félaganna. Þegar viðskiptavinirnir freistuðu þess að lækka hjá sér eldsneytiskostnað voru olíufélögin búin að búa svo um hnútana að tilraunir viðskiptavinanna yrðu árangurslitlar. Samráð olíufélaganna um gerð tilboða, sem m.a. beindist að útboðum stóriðjuvera og opinberra aðila, hafði þann tilgang að viðhalda markaðsskiptingu félaganna og treysta afkomu þeirra.

Sem dæmi um aðila sem efndu til útboða og töldu sig á grundvelli þeirra ná hagstæðustu kjörum voru Landhelgisgæslan og Reykjavíkurborg fyrir hönd SVR, Malbikunarstöðvarinnar og Vélamiðstöðvarinnar. Hjá þessum aðilum var um viðskipti að ræða sem námu mörg hundruð milljónum króna á rannsóknartímabilinu. Það sem viðskiptavinirnir vissu ekki þegar þeir efndu til útboða var það að olíufélögin komu sér saman um það hvaða verð hvert þeirra myndi bjóða og hvert þeirra fengi viðskiptin. Þetta gekk síðan eftir. Í samkomulaginu fólst að það félag sem fengi sölu skipti framlegðinni af sölnunni með hinum olíufélagunum. Samráð um gerð tilboða var viðhaft í viðskiptum við m.a. ÍSAL, dómsmálaráðuneytið, Vegagerðarinnar, Flugleiðir, Landssímann, Norðurál og Vestmannaeyjabæ.

Markaðsskipting

Á því tímabili sem rannsókn samkeppnisyfirvalda tekur til gripu olíufélögin til margs konar aðgerða í því skyni að skipta á milli sín markaðnum. Aðgerðirnar miðuðust að því að skipta á milli félaganna markaðnum eftir landsvæðum, viðskiptavinum eða eftir sölu og magni. Lengst af tímabilinu var í gildi samningur sem kvað á um að olíufélögin myndu

„ekki stuðla að né koma á viðbótar sölustöðum né smásöludælum til einkaafnota á framangreindum stöðum nema að fengnu samþykki hinna félaganna, enda falli sú sala einnig inn í skiptin.“

Á grundvelli þessa samnings skiptu olíufélögin með sér markaðnum m.a. í tengslum við samrekstur bensínstöðva víða um land. Sáu félögin til þess að ekki kæmi til samkeppni á milli þeirra á tilteknum stöðum og spornuðu í sameiningu gegn því að viðskiptavinir út á landi nytu afslátta eða lækkaðs verðs þegar tekin var upp sjálfsafgreiðsla á bensínstöðvunum. Þá má nefna að félögin gerðu með sér samkomulag um að Skeljungur skyldi sitja einn að rekstri bensínstöðvar í Grindavík um fimm ára skeið.

Auk þess að skipta með sér mörkuðum í tengslum við rekstur bensínstöðva víða um land skiptu olíufélögin með sér einstökum viðskiptavinum. Sem dæmi um þetta má nefna fyrirtæki eins og SR-mjöl, útgerðarfélagið Jökul á Raufarhöfn, ÍSAL, Kísiliðjunna, erlend skip og flugvélar. Einnig skiptu félögin með sér viðskiptum á t.d. Ísafirði og Stykkishólmi.

Varðandi tiltekna viðskiptavini höfðu olíufélögin með sér svonefnda „skiptisölu“. Skiptisala fólst í því að félögin skiptu á milli sín sölu eða framlegð af viðskiptum við tiltekna viðskiptamenn í ákveðnum hlutföllum. Þetta gerðu félögin yfirleitt án þess að viðskiptavinirnir vissu af því. Heildarávinningur olíufélaganna af skiptisölu á tímabilinu 1993-2001 var um 5,8 milljarðar kr.

Fyrirmæli um að hætta samkeppnishamlandi samstarf

Olíufélögin eiga öll í víðtæku samstarfi í tengslum við sameiginlegan rekstur bensínstöðva, innkaup og innflutning á eldsneyti, viðskipti með gas og viðskipti með fljótandi eldsneyti á flugvöllum svo dæmi séu tekin. Í ýmsum þáttum þessa samstarfs og á vettvangi þess hafa olíufélögin brotið gegn samkeppnislögum. Á grundvelli samstarfsins hafa félögin með ólögmætum hætti skipt með sér mörkuðum og haft samráð um verð. Með vísan til þessa mælir samkeppnisráð fyrir um það í ákvörðun sinni að mest öllum sameiginlegum rekstri og samvinnu olíufélaganna skuli hætt. Öðrum þáttum samstarfsins eru sett skilyrði. Til þess að fara að þessum fyrirmælum er félögunum gefinn sex mánaða frestur.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 um ólögmætt samráð olíufélaganna (966 bls.) má finna á heimasíðu Samkeppnisstofnunar www2.samkeppni.is/akv2104.pdf